

Tilgangur

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar þeim sem uppskera skeldýr frá ræktunarsvæðum og þeim sem veiða viltar tegundir skeldýra í fjöröum eða á opnum hafsvæðum. Gerð er grein fyrir ferli við „**opnun ræktunar- og veiðisvæða**“ (framleiðslusvæða) með öflun uppskeruheimildar, þegar þess er þörf, s.s. umsókn, sýnatöku, greiningum sýna, gildistíma opnunar/uppskeruheimildar og notkun skráningarskjala við uppskeru.

Með skeldýrum er átt við:

- Samlokur s.s. bláskel (kræklingur), öðuskel, kúfskel, hörpudiskur og ostrur
- Skrápdýr s.s. ígulker og sæbjúgu
- Sæsniglar s.s. beitukóngur

Umsókn um opnun svæða til uppskeru /veiða

Þeir sem hyggjast uppskera og markaðssetja skeldýr af svæðum með ræktunarleyfi eða ætla að veiða viltar samlokur, s.s. kúfskel, öðuskel og krækling, þurfa að fá „Uppskeruheimild“ frá Matvælastofnun. *Uppskeruheimild* er útfærsla sem Matvælastofnun hefur þróað til að tryggja að ákvæði reglugerðar EB/853/2004 (104/2012) viðauka III. VII. þáttar og ákvæði reglugerðar EB/854/2004 (105/2012) viðauka III séu uppfyllt við opnun framleiðslusvæða samloka.

Ákvörðun Matvælastofnunar um uppskeruheimild/opnun svæðis er alltaf byggð á sýnatökum og greiningum á **þörungaeitri í skeldýrum og eiturbörungum í sjó**, og eftir þörfum greiningum á örverum (*E.coli*) og þungmálum (Cd,Hg,Pb). Ef uppskera er regluleg frá svæði þarf ekki að senda umsókn í hvert skipti sem uppskera er fyrirhuguð. Hafi engin uppskera átt sér stað í 3 mánuði skal senda inn nýja umsókn. Ef svæði hefur lokast t.d. vegna þörungaeiturs í skeldýrum, eiturbörunga í sjó yfir mörkum eða vegna skorts á sýnatökum / upplýsingum um þungmálma og örverur verður að senda inn nýja umsókn til að enduropna svæðið. Umsókn er send rafrænt í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar:

<http://umsokn.mast.is/web/index.html>

Ræktun

Varðandi aðila sem stunda, eða hyggjast stunda ræktun skeldýra þá er uppskera og markaðssetning afurða eingöngu heimil af svæði með **ræktunarleyfi**, en **tilraunaleyfi** veita ekki heimild til dreifingar afurða til neyslu. Til að opna svæði til uppskeru og markaðssetningar afurða skal senda umsókn um uppskeruheimild í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar.

Veiðar

Heimilt er að veiða hörpudisk, beitukóng, sæbjúgu og ígulker utan svæða sem hafa verið könnuð m.t.t. heilnæmis og flokkuð. Hins vegar þurfa þeir sem veiða áðurnefndar tegundir utan flokkaðra svæða að sýna fram á, með áhættumati og greiningum, að viðeigandi heilbrigðiskröfur séu uppfylltar. **Vísað er í því samhengi til leiðbeiningaskjals Matvælastofnunar „Heilnæmiskönnun framleiðslu- og veiðisvæða samloka“**

Að öðru leiti skulu veiðar á villtum samlokum s.s. kúfskel og krækling einungis fara fram á svæðum sem hafa verið heilnæmiskönnuð og flokkuð og eru vöktuð með tilliti til þörungaeiturs, örvera (*E.coli*) og þungmálma. Senda þarf inn umsókn um uppskeruheimild til að fá veiðisvæðið opnað til veiða. Gildistími uppskeruheimildar er háður tegund og árstíma veiða.

Flutningur

Heimilt er að flytja villta eða ræktaða skel yfir á annað svæði til áframhaldandi ræktunar. Ef uppskera á aðflutta skel af svæði þar sem áframræktun fer fram þarf svæðið að vera með ræktunarleyfi og einnig þarf að opna svæðið með uppskeruheimild frá Matvælastofnun. Ef heilnæmiskönnun hefur ekki farið fram á veiðisvæði eða í nágrenni við það þarf að taka sýni til greiningar á þungmálum áður en áframræktuð skeldýr eru sett á markað í fyrsta skipti frá viðkomandi veiðisvæði.

Tegundir og uppsöfnun þörungaeiturs

Þörungaeitur greinist í skeldýrum hér við land á hverju ári einkum yfir hásumarið og í langflestum tilfellum í krækling. Þörungaeitur brotna ekki niður við suðu eða eyðast úr skelfiskjöti við eldun. Almennt séð þá er upptaka á þörungaeitri mjög misjöfn milli þeirra tegunda sem nýttar eru við Ísland. Breytileiki í sýnatökutíðni til greininga á þörungaeitri ræðst af miklu leiti af því hvort viðkomandi tegund síar sjó eins og samlokur sér til fæðuöflunar eða ekki (sjá töflu 1 í viðauka).

Samlokur

Samlokur eru sírarar (s.s. kræklingur, hörpudiskur og kúfskel) sem sía í sig svifþörunga þar á meðal eitraðar tegundir svifþörunga.

Kræklingur: Kræklingur getur orðið alltað 5 falt eitraðri en aðrar tegundir á sama stað og á sama tíma.

Hörpudiskur: Sýnatökutíðni og greiningarþörf ræðst af vinnslu afurða og er það á ábyrgð framleiðenda að sína fram á að afurðir uppfylli kröfur. Heimilt er að veiða hörpudisk utan flokkaðra svæða.

Kúfskel: Kúfskel er ákaflega hægvaxta og tekur eitum mjög hægt upp og telst því lítil áhætta í kúfskel. Ef kúfskel tekur í sig þörungaeitur þá getur það tekið mjög langan tíma að hreinsast út aftur.

Skrápdyr og sæsniglar: Þessar tegundir eru ekki sírarar og afla fæðu með öðru móti. Veiðar eru heimilaðar utan flokkaðra svæða. Framleiðendum ber að sýna fram á að afurð uppfylli heilbrigðiskröfur.

Ígulker: eru eingöngu veidd á haustin og á veturna vegna þroska kynkirtla sem eru sá hluti dýrsins sem nýttur er til manneldis. Þörungaeitur hefur ekki greinst ennþá í ígulkerum hér við land svo vitað sé.

Sæbjúgu: eru fyrst og fremst veidd á tveim svæðum, annars vegar í Faxaflóa norðan Garðaskaga og úti fyrir Austfjörðum. Þessi veiðisvæði eru mjög víðfeðm og liggja langt frá landi og er því lítil hætta á mengun af mannavöldum á þessum svæðum. Þörungaeitur hefur ekki greinst í sæbjúgum svo vitað sé, en sæbjúgu eru hér við land aðallega veidd töluverðu dýpi (~60m) þar sem áhrifa eitraðra svifþörunga gætir ekki að litlu leyti. Veiðar eru ekki heimilar yfir hásumarið vegna hrygningar.

Beitukóngur: Beitukóngur eða sæsniglar geta tekið í sig þörungaeitur ef þeir éta eitraða skel eða leggjast á eitruð hræ t.d. af fiski.

Eiturbörungar

Sjósýni til greiningar eiturbörungum á framleiðslusvæðum kræklings, skal taka vikulega á sumrin (mai-sept.) og mánaðarlega á veturna (okt.-apríl). Á veiðisvæðum kúfskelja skal taka sjósýni mánaðarlega á sumrin. Sjá töflu 3 í viðauka.

Uppskeruheimild verður alltaf grundvölluð á eiturgreiningu í skel en ekki á sjósýni einu saman. Sjósýni getur hins vegar leitt til að uppskeruheimild verði feld úr gildi. Framleiðandi ákveður hvenær hann vill uppskera og þá tekur hann skelsýni. Eftir sem áður þarf að sækja um á vef Matvælastofnunar til að opna svæði, ef 3 mánuðir eða meira líða án heimildar.

Framleiðandinn ákveður hvenær hann tekur skelsýni, en hann verður þá einnig að taka sjósýni. Gildistími fyrir uppskeruheimild skal aldrei vera lengri en 10 dagar á sumrin og 30 daga yfir vetrartíma, sama hvar greiningin fer fram. Gilistíminn gildir frá sýnatökudegi og 10/30 daga frá viðkomandi sýnatökudegi. Sumartíminn hefst 1. maí og endar 30. september.

Framleiðandinn má uppskera skel innan gildandi tímamarka uppskeruheimildar en hann má halda þeim lifandi í nokkurn tíma á forsvaranlegan hátt, sem er t.d. í kæli í 2 – 3 daga. Ekki má geyma lifandi sker í rennandi sjó frá svæðum þar sem ekki er uppskeruheimild í gildi. Framleiðandinn getur því markaðssett vöru þegar engin heimild er gild í fáeina daga, ef það er gert á forsvaranlegan hátt og hægt er að tengja uppskeruna við skráningargögn frá tímabilum þar sem heimild var gild. Það verður einnig að vera hægt að rekja afurðir í umbúðum til skráningarskjals og ræktunarsvæðis eða veiðisvæðis.

Ef magn eiturs í skel reynist yfir 50% leyfilegs hámarks magns á veturna, verður uppskeruheimild aðeins gefin út til tveggja vikna í senn. Ef framleiðandi vill lengja uppskeruheimildina verður hann að taka nýtt skelsýni til ransókna og það þarf að vera innan marka og gilda þá þessar sömu reglur.

Tilkynning um opnun svæðis og gildistími uppskeruheimilda

Niðurstöður greininga á eitruðum þörungum og þörungaeitri berast Matvælastofnun og eru þær metnar og bornar saman við þær viðmiðunarreglur sem gilda. Ef niðurstöður eru innan viðmiðunarmarka er svæðið opnað og uppskeruheimild er gefin út. Ef vísbendingar eru um aukningu á eitruðum þörungum eða þörungaeitri getur MAST stytt gildistíma opnunar eða lokað svæði til uppskeru. Uppskeruheimild er send með tölvupósti til umsækjanda.

Samlokur

Kræklingur: A sumrin (maí-sept.) gildir uppskeruheimildin að hámarki í 10 daga frá sýnatökudegi hvort sem kræklingur eigi uppruna úr ræktun eða veiðum. Á veturna (okt.-apríl) gildir uppskeruheimildin að hámarki í 30 daga frá sýnatökudegi. Ekki má setja afurð á markað fyrr en niðurstöður liggja fyrir.

Kúfskel: Ef veiða á kúfskel á sumrin (maí-sept) gildir uppskeruheimildin 1 mánuð frá sýnatökudegi. Á veturna gildir heimildin 3 mánuði frá því sýnatökudegi. Þetta gildir ef skelin er laus við eitur og ef eitraðir þörungar greinast ekki á veiðisvæði.

Notkun skráningarskjala

Fylla skal út skjalið við uppskeru / veiðar. Hægt er að forskrá ýmsar upplýsingar. Gefið skjalini hlaupandi nr.

Skrá skal síðustu sýnatöku vegna flokkunar veiðisvæðis (A, B og C), dagsetningu niðurstaðna og tilvísun í rannsóknarniðurstöður á skráningarskjala. Niðurstöður mega ekki vera eldri en 3 mánaða.

Skrá skal sýnatöku vegna þörungaeiturs og dagsetningu niðurstaðna og tilvísun í rannsóknarniðurstöður á skráningarskjall. Svæði er opioð til uppskeru skv. því sem kemur fram í uppskeruheimild.

<http://mast.is/matvaelastofnun/eftirlitsnidurstodur/skelfiskur/>

Skráningarskjalið skal fylgja uppskeru / afla í afgreiðslustöð. Setjið dagsetningu við afhendingu/móttöku í afgreiðslustöð á skráningarskjall.

Ekki má taka á móti uppskeru / afla í afgreiðslustöð nema að skráningarskjall fylgi. Skráningarskjall skal vera hægt að tengja við rannsóknarniðurstöður.

Séu skeldýr geymd í körum skulu körin auðkennd þannig að ávallt sé hægt að tengja þau við skráningaskjöl.

Það verður að vera hægt að rekja afurðir í umbúðum til skráningarskjals og veiðisvæðis. Dagsetning þarf að koma fram á merkimiða sem tengir afurð við skráningarskjall. Ef skel frá sama veiðisvæði ber sömu dagsetningu er dagsetning nægjanleg til að hægt sé að rekja afurð til veiðisvæðis. Ef pakkað er frá fleiri en einu veiðisvæði sama dag þarf lotunúmer einnig að koma fram á merkimiða.

Halda skal skrá yfir hverja skeldýra tegund, úr hverri uppskeru / lotu, svo hægt sé að innkalla skeldýrin ef í ljós kemur að þau eru ekki heilnæm til neyslu. Gera verður grein fyrir magni skeldýra sem var framleitt eða aflað og koma þarf fram hvert viðkomandi afurð fór.

□ [Skráningarskjall fyrir lifandi samlokur - pdf](#)

Viðauki I. Viðmiðunarreglur

Reglubundið eftirlit

Tafla 1. Tíðni þörungaeitursgreininga eftir tegundum og uppskerutíma fer eftir árstíð og hvenær viðkomandi vill hefja uppskeru. Eftifarandi gildir eftir að fyrsta uppskeruheimild hefur verið gefin út.

Tegund	DSP* <i>Lipophilic toxins</i>		PSP**		ASP***	
	Vetur	Sumar	Vetur	Sumar	Vetur	Sumar
Kräklingur	<i>U.p.b</i> Mánaðarlega	<i>U.p.b.</i> Hálfsmánaðarlega.	Háð tilvist eiturbörunga	<i>U.p.b.</i> Hálfsmánaðarlega	Skimun	Skimun
Kúfskel	<i>U.p.b.</i> á 3 mánaða fresti	<i>U.p.b</i> Mánaðarlega	Háð tilvist eiturbörunga	<i>U.p.b.</i> Mánaðarlega	Skimun	Skimun

Sumar: 1. maí – 30. september, **Vetur:** 1. Október- 30 apríl.

* **DSP** er greint reglulega í samlokum (krækling, kúfskel) skv. þeirri tíðni sem hér er gefin upp. DSP er safnheiti yfir fituleysanleg eitur (Lipophylic toxins) ss: ókadínsýru (OA), dínófýsistoxín (DA), pektentoxín (PTX), jessótoxin (YTX), og asaspírasíð (AZA).

****PSP**. Ef fjöldi *Alexandrium* fruma/l sjó er undir 40 í byrjun sumars er ekki ástæða til greininga á PSP, en um leið og aukning umfram 40 sést á fjölda *Alexandrium* þá þarf að taka sýni til greiningar á PSP. Forsenda þessa er að tekið sé sýni vikulega af sjó í maí – sept., til að halda svæði opnu.

*** **ASP** Við greiningu á DSP er skimað hvort ASP sé til staðar í sýni. Ef niðurstaða þeirrar greiningar gefur tilefni til skal frekari greining framkvæmd. ASP hefur ennþá ekki greinst í skeldýrum hér við land.

Þörungaeitur

Úr 853/2004 annex III þáttur VII. V kafli 2 tölvuliður.

Heildarmagn sjávarlífeiturs í þeim (mælt í lífverunni allri eða einhverjum ætum hluta sérstaklega) skal ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

- a) þegar um er að ræða lamandi skelfiskseitur (PSP): 800 mikrógrömm á kílógramm,
- b) þegar um er að ræða þörungaeitur sem veldur minnisleysi (ASP): 20 milligrömm dólmínósýru á kílógramm,
- c) þegar um er að ræða (DSP) ókadínsýru, dínófýsistoxín og pektentoxín samanlagt: 160 mikrógrömm jafngildis ókadínsýru kílógramm,
- d) þegar um er að ræða jessótoxin (YTX): 3.75 milligramm jafngildis jessótoxiðs á kílógramm
- e) þegar um er að ræða asaspírasíð (AZP): 160 mikrógrömm jafngildis asaspírasíðs á kílógramm.

Eitraðir þörungar

Viðmiðunarmörk fyrir hættu á eitrun eru mismunandi eftir tegundum. Hér er stuðst við norskar og danskar viðmiðunarreglur sem hafa verið aðlagaðar að aðstæðum hér. Þegar meta skal hvort hætta er á ferðum og hvort ástæða er til að vara fólk við neyslu skelfisks af tilteknum svæðum er miðað við ákveðinn fjöldi eiturþörunga í hverjum lítra af sjó.

Ef niðurstöður mælinga á þörungaeitri liggja fyrir og mæld gildi eru undir viðmiðunarmörkum er svæði ekki lokað. Ef svæði hefur verið lokað á vegna þess að eitraðir þörungar eru yfir viðmiðunarmörkum er hægt að opna það aftur þegar sýnt hefur verið fram á að þörungaeitri er undir viðmiðunarmörkum og niðurstöður þörungavöktunar sýna að fjöldi eitraðra þörunga er ekki að aukast. Í töflu 2 eru viðmiðunarmörk nokkurra tegunda eiturþörunga sem finnast við Ísland (fjöldi fruma / líter af sjó).

Tafla 2. Viðmiðunarmörk MAST fyrir eitraða þörunga (frumur/l af sjó).

Þörungaeitur	Tegundir svifþörunga	Viðmiðunarmörk
PSP	Alexandrium spp.	200 frumur / l
	<ul style="list-style-type: none"> • A. ostenfeldii • A. Tamarensse 	Mat Mat
DSP	Dinophysis spp.	500 frumur / l samtals
	<ul style="list-style-type: none"> • D. Nowegica • Phalacroma rotundata • D. acuta • D acuminata 	Mat Mat Mat
ASP	Pseudo-nitzschia	100.000 frumur / l samtals
	<ul style="list-style-type: none"> • P. Pseudodelicatissma • P.seriata • P. deilcatissima 	Mat Mat Mat

Tafla 3. Tíðni vöktunar á eitruðum þörungum í sjó eftir árstíðum og tegundum

Tegund / Árstími	Vetur	Sumar
Kräklingur	Mánaðarlega	Vikulega
Kúfskel	Mánaðarlega	Mánaðarlega

Sumar: 1. Maí - 30. Sept. **Vetur:** 1. Október- 30 apríl.